

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 417/2011 um gildistöku  
reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008.**

1. gr.

Heiti reglugerðar nr. 417/2011 verður: Reglugerð um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1275/2008 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindataækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim.

2. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til á eftir liðum 8 og 15 í IV. kafla í II. viðauka og á eftir liðum 31 og 38 í IV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2015, frá 11. desember 2015, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. kafla II. viðauka og IV. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 801/2013 frá 22. ágúst 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1275/2008 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun raf- og rafeindataækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til aflþarfar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 642/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjónvörpum.

3. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 801/2013 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5/2016, 28. janúar 2016, bls. 815.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 16. gr. laga nr. 42/2009, um visthönnun vöru sem tengist orkunotkun, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. febrúar 2016.*

**Ragnheiður Elín Árnadóttir**  
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

*Erla Sigríður Gestsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 22. febrúar 2016